



Reykjavík, 22. mars 2017

Niðurstöður athugunar á tölvuöryggi Kauphallar Íslands

Fjármálaeftirlitið hefur í samstarfi við fjármálaeftirlit Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, þar sem Nasdaq Nordic rekur kauphallir, framkvæmt athugun á öryggi tölvukerfa á grundvelli samstarfssamnings um eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum.

Kauphöll Íslands (Nasdaq Iceland) og systurkauphallir hennar í framangreindum löndum eru í nánú samstarfi og byggir skipulag þeirra að miklu leyti á innra útvistarfyrirkomulagi þar sem fjölmörg verkefni eru leyst af hendi í mismunandi starfseiningum innan samsteypu Nasdaq. Fyrirkomulagið kallar því á aukið samstarf eftirlitsaðila með kauphöllum Nasdaq og er umrædd athugun á öryggi tölvukerfa liður í því samstarfi.

Athugun á öryggi tölvukerfa Kauphallar Íslands miðaði að því að skoða hvort rekstur væri í samræmi við 10. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir, leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila og, vegna umfangs útvistarar á verkefnum, leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. Niðurstöður athugunarinnar byggja á gögnum og upplýsingum frá þeim tíma sem athugunin fór fram.

Niðurstöður athugunarinnar gefa almennt til kynna að öryggi tölvukerfa Kauphallar Íslands sé öflugt. Fjármálaeftirlitið gerði þó eina athugasemd um að ítarlegri sviðsmyndagreining þurfi að fara fram vegna lykiláhættuþátta sem tengjast tölvuöryggi, sbr. 2. og 3. tl. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir og kafla 10.3.1 um viðbúnaðarumgjörð í tengslum við upplýsingakerfi í leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið setti einnig fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara.